

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, staðfestir ráðuneytið hér með eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1979:

Söltuð ufsaflök		
16/20	FF	kr. 885.00
—	AB	— 749.00
21/25	FF	— 856.00
—	AB	— 724.00
26/30	FF	— 825.00
—	AB	— 698.00
31/35	FF	— 795.00
—	AB	— 672.00
36/40	FF	— 762.00
—	AB	— 646.00
41/45	FF	— 730.00
—	AB	— 620.00
46/50	FF	— 698.00

Verð þessi eru c. i. f. Verðbil verður 5%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu án verðbils.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1979.*

F. h. r.  
Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

um breytingu á fyrirmælum um sakaskrá ríkisins og sakavottorð, nr. 69 26. mars 1971.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Tilkynna skal sakaskránni uppgjöf sakar í málum, sem lokið hefur verið fyrir dómstólum, uppreist æru, endurveitingu réttinda, sem sakborningar hafa verið sviptir með dómi og veitingu reynslulausnar skv. 40. gr. almennra hegningarlaga.

## 2. gr.

Auglýsing þessi er gerð samkvæmt 4. mgr. 18. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74 21. ágúst 1974 og öðlast gildi þegar í stað.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. mars 1979.*

F. h. r.

Baldur Möller.

*Jón Thors.*

16. mars 1979.

Nr. 152.

## REGLUGERÐ

um töku, meðferð og geymslu fingrafara og ljósmynda hjá lögreglu.

## 1. gr.

1. mgr. Heimilt er að taka fingraför og ljósmyndir í þágu opinberrar rannsóknar af þeim, sem grunaðir eru um refsiverða háttsemi, sem varðað getur varðhaldi eða fangelsi. Samanburðarfingraför má taka af öllum þeim sem vegna umgengni sinnar um vettvang gætu átt fingraför á staðnum. Heimildir þessar gilda einnig þótt refsingu verði ekki við komið að lögum.

2. mgr. Ákvæði 1. málslíðar 1. mgr. gilda ennfremur um þá, sem ákveðið hefur verið að vísa úr landi eða framselja til annars lands.

3. mgr. Neiti hlutaðeigandi að láta taka af sér fingraför eða ljósmynd er óheimilt að beita valdi við tökuna, fyrr en úrskurður dómara hefur verið fenginn um að skilyrði til fingrafaratöku eða ljósmyndatöku séu fyrir hendi.

4. mgr. Fingraför eða ljósmyndir, sem teknar hafa verið skv. 1. mgr. má ekki taka á skrár, nema skilyrðum 2. gr. sé fullnægt.

5. mgr. Fingraför eða ljósmyndir, sem ekki verða teknar á skrá skv. 4. mgr., skal eyðileggja, þegar málið hefur verið til lykta leitt, óski viðkomandi aðili eftir því.

## 2. gr.

1. mgr. Heimilt er að taka og skrá fingraför og ljósmyndir af sérhverjum, sem

- a) er grunaður um refsiverðan verknað, sem varðað getur varðhaldi eða fangelsi, eða hefur verið dæmdur í varðhald eða fangelsi eða til að sæta öryggisgæslu,
- b) ákveðið hefur verið að vísa úr landi eða ákveðið hefur verið að framselja til annars lands,
- c) handtekinn hefur verið vegna gruns um afbrot, ef beiðst hefur verið gæsluvarðhalds.
- d) fingraför unglínga, sem uppvísir eru að afbrotum.

2. mgr. Í tilvikum þeim, er greinir í a) getur sá, sem tekin hafa verið fingraför og/eða ljósmyndir af, þegar máli er lokið að því er hann varðar og fulljóst þykir, að hann er ekki sekur, krafist þess að fingraförin og/eða ljósmyndirnar verði eyðilagðar.

3. mgr. Ennfremur skal taka fingraför og ljósmyndir, eftir því sem unnt er, af óþekktum líkum.

4. mgr. Að öðru leyti skal það vera á valdi lögreglustjóra að meta — innan ramma laga og reglugerða — hvort taka skuli ljósmyndir og/eða fingraför.